

Saga Ashiques

Barnavinna skapar tekjur sem fjölskyldur og samfélög þurfa nauðsynlega á að halda. Ef hún er afnumin kemur það verst niður á börnunum. Er það svo?

Málefni	Börn, félagsleg réttindi, hnattvæðing
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	5+
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni eru litlir hópar látnir fjalla um mál sem snerta: <ul style="list-style-type: none"> • Barnavinnu og það sem í henni felst. • Orsakir barnavinnu og hvernig hægt er að afnema hana.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til verndar gegn hvers kyns hættulegri vinnu og arðrán. • Rétturinn til menntunar. • Rétturinn til leikja og tólmstunda.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka þekkingu á barnavinnu. • Stuðla að gagnrýninni hugsun um þetta flókna vandamál. • Efla réttlætiskennd og ábyrgðartilfinningu varðandi lausn á vandanum.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Æviatriði Ashiques, eitt eintak á mann. • Pennar og merkipennar. • Flettistöflupappír eða stórar pappírsarkir (A3).
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósritaðu blaðið „Hugmyndir um lausnir“ á A3-blöð eða flettistöflu-blöð: eitt fyrir hvern vinnuhóp, og eitt fyrir hópinn allan. • Notaðu eitthvað af þeim upplýsingum sem eru tilgreindar undir „Nánari upplýsingar“ til að kynna verkefnið.

Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að verkefnið sé byggt á sögu Ashiques sem er vinnandi barn í Pakistan. Markmiðið er að reyna að finna einhverjar leiðir til að breyta aðstæðum Ashiques.
2. Hitaðu upp með „samsettri frásögn“. Láttu þátttakendur búa til sögu um dag í lífi Ashiques. Gakktu á milli þátttakenda og láttu hvern og einn bæta við setningu þegar röðin kemur að honum.
3. Skiptu þátttakendum í vinnuhópa, ekki fleiri en fimm í hverjum. Láttu alla hafa eintak af æviatriðum Ashiques. Gefðu þeim fimm mínútur til að lesa og skiptast á athugasemdum.
4. Láttu hvern hóp hafa eintak af blaðinu „Hugmyndir um lausnir“. Skýrðu út fyrir þeim að þeir eigi að nota hugflæði til að finna lausnir á vandamálunum sem Ashique og önnur vinnandi börn standa frammi fyrir. Þátttakendur eiga að skrifa í viðkomandi dálka þau skref sem hugsanlega mætti taka til að leysa vandann „á morgun“,

MÁLEFNI



BÖRN



FÉLAGSLEG RÉTTINDI



HNATTVÆÐING

ÞYNGDARSTIG

STIG 4

STIG 3

STIG 2

STIG 1


STIG 3

HÓPSTÆRÐ



5+

TÍMI



90 MÍNÚTUR

- „í næsta mánuði“ og „í framtíðinni“. Þeir hafa 30 mínútur til að ljúka þessu og tilnefna talsmann sem á að gefa skýrslu.
- Þegar allir eru samankomnir skaltu fara yfir hvern dálk og fá viðbrögð. Taktu saman hugmyndirnar á flettistöflunni. Leyfðu umræðu um hugmyndirnar, ef þess er óskað, en gættu að tímamörkunum!
 - Þegar farið hefur verið yfir töfluna skaltu fara yfir í ítarlegri umræður og samantekt á efninu.

Samantekt og mat

Það fer eftir almennri þekkingu þátttakenda hve ítarlegar umræðurnar verða en bæði ætti að reyna að fá fram svör við spurningum um viðhorf þeirra til barnavinnu og hugsanlegar lausnir.

- Hversu mikið vissu þátttakendur yfirlétt um barnavinnu áður en þeir gerðu þetta verkefni? Hvernig vissu þeir þetta? Hvaðan fengu þeir þá vitneskju?
- Tíðkast barnavinna í heimkynnum þeirra? Við hvaða störf vinna börnin og hvers vegna vinna þau?
- Ættu börn að vinna? Ættu þau að geta ráðið því hvort þau vinna eða ekki?
- „Barnavinna skapar tekjur sem eru fjölskyldum og samfélögum nauðsynlegar. Ef hún er afnumin kemur það verst niður á börnunum sjálfum.“ Hvernig svarið þið þessu?
- Hvernig njótum við, sem neytendur, góðs af vinnu barna?
- Hvernig gekk að finna hugsanlegar leiðir til að afnema barnavinnu? Hver dálkana þriggja – „á morgun“, „í næsta mánuði“ eða „í framtíðinni“ – var erfiðastur viðfangs? Hvers vegna?
- Margar ráðstefnur hafa verið haldnar og gefnar hafa verið út yfirlýsingar, bæði á lands- og heimsvísu, um barnavinnu. Af hverju er þetta enn svo víðtækt vandamál í heiminum?
- Hverjir ættu að leysa þennan vanda? (Taktu penna í öðrum lit og skrifaðu lausnirnar á töfluna.)
- Getur venjulegt fólk eins og þú og ég komið að liði við að leysa þennan vanda? Hvernig og hvenær?

Ábendingar til leiðbeinanda

Ef þátttakendur vita lítið um barnavinnu má byrja á því að rekja fyrir þeim nokkrar staðreyndir um barnavinnu og afleiðingar hennar. Skemmtilegt væri að taka tölulegu upplýsingarnar hér á eftir og nota í stuttan spurningaleik.

Þátttakendum kann að reynast erfitt að finna hugmyndir í fyrstu tvo dálkana (á morgun og í næsta mánuði) og þeir gætu fyllst vonleysi og svartsýni. Hvetja mætti þá með því að lesa eftirfarandi staðhæfingu:

„Verkefnið er stórt en ekki svo stórt að það reynist óleysanlegt eða of örðugt. Þróunarlöndin ættu að berjast gegn barnavinnu. Hér má sjá að það sem hefur skapað þennan vanda er ekki skortur á úrræðum heldur áhugaleysi. Þessu þurfum við að breyta.“

Hæstiréttur í máli M. C. Mehta gegn ríkinu Tamil Nadu og fleirum, Indlandi, 1986.

Yfirlétt átta þátttakendur sig á því að ef finna skal góða og varanlega lausn á vanda þarf fyrst að greina orsakirnar. Þegar orsakirnar hafa verið greindar verða lausnirnar oft augljósari.

Það gæti þó þurft að benda sumum hópnum sérstaklega á þetta, einkum ef þeir eiga erfitt með að finna lausnir.

Gefa mætti þeim hugmyndir að lausnum með ábendingum á borð við:

- draga úr fátækt svo að börn þurfi síður að vinna
- auka tekjur fullorðinna svo að minni þörf verði á að börn vinni
- þróa menntun þannig að hún höfði betur til barnanna
- setja alþjóðlegar reglur um atvinnuþátttöku barna
- banna vörur sem eru framleiddar með vinnu barna
- hafa alþjóðlegar reglur um lágsta leyfilegan vinnualdur sem skilyrði fyrir aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO)

Nota má nýlegar fréttir um barnavinnu, annaðhvort hérlendis eða frá fjarlægum heims- hluta, til að tengja verkefnið stað og stund og gera það áhugaverðara.

Tilbrigði

Ef efla á þekkingu þátttakenda á hugtakinu „barnavinna“ áður en þeir byrja á verkefninu má nota spurningaleik. Finna má marga slíka á ILO-vefsíðunni (<http://us.ilo.org/teachin/ilokids>) og á vefsíðu Unicef.

Tillögur um framhald

Hægt er að finna meiri upplýsingar um herferðir ungmenna gegn barnavinnu, til dæmis „Kids Can Free the Children“, sem er barnaréttindasjóður stofnaður af tólf ára gömlum kanadískum dreng (www.icomm.ca/freechild/).

Þátttakendur vilja hugsanlega halda áfram og skoða misrétti meðal ungmenna í eigin samfélagi í verkefninu „Taktu skref áfram“ á bls. 217.

Það eru mörg álitamál í sambandi við vinnu barna. Hvar er til dæmis markalínan milli atvinnurekenda sem notfæra sér börn eins og Ashique og þeirra sem borga unglíngum smán- arlaun fyrir kvöld- og helgarvinnu sem þeir vinna til að afla sér vasapeninga eða til að geta haldið áfram í grunn- eða framhaldsskóla? Hvað um foreldra sem fela börnum sínum ýmsar skyldur á heimilinu eða í fjölskyldufyrirtækinu? Hver er reynsla þátttakendanna sjálfra?

Nánari upplýsingar

Í 5. kafla, í itarefninu um börn og félagsleg réttindi, eru tölulegar upplýsingar um barnavinnu og upplýsingar um það sem framleitt er með slíkri vinnu, um alþjóðleg lög og um barnavinnu og afleiðingar hennar fyrir barnið.

Barnavinna er svo alvarlegur vandi að mjög mikið er til af upplýsingum um hana. Benda má á vefsvæði Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar (www.ilo.org), Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (Unicef) <http://www.unicef.org/teachers/protection/access.htm> og Barnaheilla, www.barnaheill.is (Save the Children) (www.savethechildren.org.uk).

Lykildagsetningar

12. júní

Alþjóðdagur gegn barnaprælkun

2. desember

Alþjóðdagur aflausnar þrælahalds

EFNI TIL DREIFINGAR

Æviatriði Ashiques



Persónulegar upplýsingar

Nafn: Ashique Hashmir
Aldur: 11 ára
Þjóðerni: Pakistani
Fjölskylduhagir: foreldrar, tveir afar og tvær ömmur, ein systir og þrír bræður
Fjölskyldutekjur: um 70 evrur á mánuði

Upplýsingar um „atvinnuhagi“

“Atvinna”: verkamaður í múrsteinaverksmiðju
Vinnutími: milli 12 og 16 klst. á dag (hálfra klst. hlé) – sex daga vikunnar
Vinnuafköst: um 600 múrsteinar á dag
Laun: 1,3 evrur fyrir 1000 múrsteinar (en 50% fara til greiðslu á láni sem fjölskylda hans hefur tekið)
Hefur unnið frá fimm ára aldri

Aðrar upplýsingar

Fjölskylda hans hefur verið í skuldafjötrum í tvö ár því að hún tók lán að upphæð um 6000 pakistanskar rúpiur (110 evrur). Nú er skuldin, ásamt vöxtum, orðin um 280 evrur. Faðir Ashiques sendi hann í skóla í þrjá mánuði en verksmiðju-eigandinn sótti hann og lét hann fara aftur að vinna. Föður hans var refsað fyrir þetta. Tekjur fjölskyldunnar eru mjög litlar og duga því hvorki til að setja börnin í skóla né fyrir nægum mat og heilbrigðisþjónustu.

Raunverulegar aðstæður

Upplýsingarnar eru úr efni frá ILO og „Free the Children“.

Heimildir

Herferðir á vegum „Free the Children“: www.freethechildren.org

Hugmyndir um lausnir

Hvað er hægt að gera til að bæta aðstæður Ashiques – og annarra barnaverkamanna?

Á morgun?	Í næsta mánuði?	Í framtíðinni?